

Kennslumálasjóður

Úthlutun 2024 — lokaskýrsla

Umsjón verkefnis: Ásta Kristín Benediktsdóttir, dósent við Íslensku- og menningardeild — akb@hi.is

Heiti verkefnis: Kennslumyndbönd í bókmenntafræði

Verkefnið snerist um að útbúa kennslumyndbönd í bókmenntafræði þar sem útskýrð væru á einfaldan og myndrænan hátt helstu hugtök og aðferðir við greiningu á skáldtextum (einkum ljóðum og sögum). Myndböndin voru sérstaklega ætluð til kennslu í námskeiðinu Bókmenntafræði ÍSL111G, sem umsjónarmaður verkefnisins sér um, en einnig var lagt upp með að þau gætu nýst í öðrum bókmenntanámskeiðum og yrðu auk þess aðgengileg öllum á netinu. Um var að ræða fyrsta áfanga verkefnisins sem fól í sér undirbúning og vinnslu þriggja myndbanda en síðar var stefnt að því að gera fleiri.

Framvinda

Vinna við verkefnið hófst í desember 2024 og er nær alveg lokið þegar þessi skýrsla er rituð í mars 2025 (eftir standa nokkur frágangsatíði). Umsjónarmaður fékk Elías Rúna, myndhöfund og grafískan hönnuð, til að sjá um hönnun og myndræna framsetningu. Auk umsjónarmanns og Elíasar unnu að verkefninu fimm nemendur í íslensku og ritlist við Háskóla Íslands, sem öll hafa setið námskeiðið Bókmenntafræði ÍSL111G: Elísa Sveinsdóttir, Diljá Böðvarsdóttir, Elín Elísabet Einarsdóttir, Tómas Ævar Ólafsson og Védís Eva Guðmundsdóttir. Alls voru haldnir fimm vinnufundir á tímabilinu desember–mars.

Áður en verkefnið hófst formlega ákváðu umsjónarmaður og Elías að afurðin yrði myndasögur frekar en myndbönd. Fyrir því voru einkum tvær ástæður: Í fyrsta lagi er myndasagan einfaldari í framkvæmd og þar með ódýrari. Í öðru lagi eru myndasögur sérstaklega áhrifamiklar og hentugar til fræðslu á samfélagsmiðlum. Elías hefur á undanförunum árum unnið myndasögufræðsluefni með góðum árangri. Myndasögur hans sem eru hluti af vitundarvakningu Jafnréttisstofu, *Meinlaust?*, hlutu m.a. gullverðlaun í flokki auglýsinga hjá Félagi íslenskra teiknara árið 2023. Sjá: <https://www.jafnretti.is/is/vinumarkadur/kynferdisleg-og-kynbundin-areitni/meinlaust>

Afrakstur

Öllum fjórum verkþáttunum sem lýst var í umsókninni (hugmyndavinna, handritsskrif, myndræn hönnun og úrvinnsla og frágangur) er lokið fyrir utan örfá frágangsatíði. Afraksturinn er þrjár myndasögur: *Hvað er bókmenntagreining?*, *Saga og flétta* og *Höfundur, sögumaður og lesandi* (sjá fylgiskjöl).

Verkefnið fékk nýtt heiti: *Bókmenntafræði á nemendamáli*, sem endurspeglar uppfært markmið verkefnisins að sögurnar tali til nemenda á ólíkum skólastigum: háskóla, framhaldsskóla og efri stigum grunnskóla. Áhersla er þannig lögð á að orðfærið sé hvorki barnlegt né fræðilegt. Líkt og lagt var upp með er áhersla lögð á skýra og myndræna framsetningu og myndasögunum er fyrst og fremst ætlað að útskýra grunnþætti í bókmenntagreiningu, það er að segja lestur, túlkun og rökfærslu. Algeng hugtök eru kynnt og dæmi tekin um notkun þeirra við greiningu á stuttum skáldtexta. Áhersla er þannig lögð á framkvæmd fremur en fræðikenningar og enn fremur á rökfærslu sem er grunnur greiningar, það er að engin túlkun er réttari en önnur heldur snýst bókmenntagreining um hversu góð rök eru færð fyrir máli greinanda og þau studd með dæmum og hugtökum.

Myndasögurnar þrjár eru 10–13 ramar að lengd og hannaðar fyrir dreifingu á miðlinum Instagram sem þýðir að þær birtast þar sem stakar myndir í myndaseríu. Þær geta þó einnig raðast upp í nokkrar 3–4 mynda strípur sem hentar m.a. fyrir prent og glærusýningar. Þær verða vistaðar á nýjum vef umsjónarmanns, akb.hi.is, í opnum aðgangi.

Kostnaðaráætlun og uppgjör

Í kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir 600.000 kr í útlagðan kostnað (hönnun), 200.000 kr. í vinnu aðstoðarmanna og 200.000 kr. í vinnu umsjónarmanns. Áætlunin hefur haldist og mun stemma miðað við umsókn að öðru leyti en því að vinna nemenda (aðstoðarmanna) jókst örlítið en vinna umsjónarmanns minnkaði á móti. Uppgjör verkefnisins lítur því þannig út:

- Hönnun: 600.000 kr.
- Vinna nemenda / hugmyndavinna: 260.000 kr.
- Vinna umsjónarmanns: 140.000 kr.

Framhald

Hugmyndavinnan sem unnin var innan ramma verkefnisins leiddi af sér sjö hugmyndir að myndasögum þótt aðeins þrjár hafi verið valdar til fullvinnslu. Eftir standa fjórar mótaðar hugmyndir sem bíða þess að vera fullunnar á myndasöguform. Það er því nægur efniviður til í næsta áfanga verkefnisins. Í þeim áfanga er einnig gert ráð fyrir uppsetningu vefs með ítarefni fyrir kennara og áhugasama nemendur, svo og kynningu á verkefninu meðal íslenskukennara og nemenda í bókmenntafræði og tungumálum.